

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285
18. desember 1970 með síðari breytingum.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 440.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu heimilis.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi hinn 1. marz 1973 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

5. marz 1973.

Nr. 48.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Akureyrarkaupstað.

I. KAFLI

TAKMÖRK HAFNARINNAR.

1. gr.

Akureyrarhöfn takmarkast að norðan af línu beint í austur frá þeim stað, þar sem mörk lögsagnarumdæmis Akureyrar og Glæsibæjarhrepps koma til sjávar fram í miðjan Eyjafjörð, þaðan inn eftir miðjum firði að línu úr Glerárós í Geldingsá og liggja mörkin þaðan til lands austan fjarðarins um þá línu. Innan þessara marka afmarkast höfnin af landinu.

II. KAFLI

STJÓRN HAFNARINNAR OG REKSTUR

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á hendi stjórn hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð fimm fulltrúum og fimm varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs.

Þrír aðalmanna í hafnarstjórn mega vera utan bæjarstjórnar.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarráðs.

Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnarstjórn kýs sér formann, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má bæjarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni,